

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vatnsleysa 1, L167619, lóð 1A, stækkun lóðar.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundahúsasvæðis í landi Vatnsleysu. Í breytingunni felst að lóð nr. 1A, sem áður var utan skipulags, verður tekin inn í skipulag og stækkar úr 5.018 m² í 7.009 m² á kostnað lóðar nr. 1 sem minnkar úr 23.978 m² í 21.987 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 26. febrúar 2025.

Deiliskipulag, Efra-Apavatn 1D, L226190, frístundalóðir og skógrækt.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag vegna lands Efra-Apavatns 1D, L226190. Um er að ræða skilgreiningu frístundalóða og byggingarheimilda innan frístundasvæðis F21. Samtals er gert ráð fyrir 8 lóðum á svæðinu. Á hverri lóð er gert ráð fyrir heimildum fyrir frístundahús, gestahús/aukahús allt að 40 m² og geymsluhús að 15 m² innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. febrúar 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. mars 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2025